



Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1296*  
*komudagur 10.3.2004*

Reykjavík 6.3. 2004.

**Efni:**

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 271 mál.**

Alþýðusambandi Íslands styður þá meginhugmynd sem á bak við tillöguna liggur, sem er markviss athugun á því hvernig atvinnulýðræði hefur verið innleitt hér á landi og hvernig þessum málum sé skipað á EES-svæðinu. ASÍ hefur um árábil tekið þátt í samstarfi Evrópskrar verkalýðshreyfingar um atvinnulýðræði. Þar hafa þau sjónarmið sem byggja á formlegu samráði og upplýsingaskyldu atvinnurekenda og launafólks ráðið för og hefur ASÍ stutt þá stefnu. ASÍ styður ekki sjónarmið um beina þátttöku og ábyrgð starfsmanna á rekstri þeirra fyrirtækja sem þeir vinna hjá.

Í greinargerð með tillögunni, í kaflanum þar sem fjallað er um atvinnulýðræði hér á landi, er sérstaklega vikið að meðferð á eign lífeyrissjóða launafólks í hlutafélögum. Vandséð er með hvaða hætti flutningsmenn tillögunnar tengja þá umræðu við alls óskylda umræðu um atvinnulýðræði.

ASÍ styður eins og fyrr segir, að kannað verði með hvaða hætti þessum málum er nú fyrir komið hér á landi og á EES-svæðinu. Að svo stöddu styður ASÍ hins vegar ekki, að nefndin skili tillögum um það hvernig tryggja megi áhrif starfsmanna á stjórnun og ákvarðanatöku í fyrirtækjum. ASÍ telur að þeim málefnum skuli skipa að meginstefnu með kjarasamningum á vinnumarkaði.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1608*  
*komudagur 31. 3. 2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. mars 2004

**Efni: umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 271. mál.**

BSRB styður meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu og bendir á í því sambandi að innleiða þarf tilskipun nr. 2002/14/EB, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins. Hefur BSRB þegar sent fjármálaráðherra, Launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg bréf með óskir um viðræður um þetta efni.

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. þ 130/1541  
komudagur 25. 3. 2004



Alþingi Íslendinga  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 23. mars 2004

Tilvísun: FEL04030007/0004/GK/--

Ráðuneytið vísar til bréfs félagsmálanefndar Alþingis frá 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 271. mál. Samkvæmt þingsályktunartillögunni verður félagsmálaráðherra falið að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna og gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja áhrif starfsmanna á stjórnun og ákvarðanatöku í fyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Lagt er til að nefndin kanni hvaða leiðir hafa verið farnar í nokkrum nágrannalöndum og á vettvangi Evrópusambandsins. Enn fremur er lagt til að nefndin verði skipuð fulltrúum heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda auk fulltrúa ráðherra.

Ráðuneytið vill minna á að á 128. löggjafarþingi var samþykkt 13. mars 2003 þingsályktunartillaga um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn. Með samþykkt ályktunarinnar var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002 frá 6. desember 2002 og fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá. Með heimildinni er ráð fyrir því gert að efni tilskipunarinnar taki ekki eingöngu til aðildarríkja Evrópusambandsins heldur alls Evrópska efnahagssvæðisins - Ísland þar með talið. Að ýmsu leyti gengur efni tilskipunarinnar lengra en efni 271. máls sem óskað er umsagnar um. Þannig tekur tilskipunin til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum hvort sem þau eru í opinberri eigu eða í höndum einkaaðila. Efni tilskipunarinnar skal a.m.k. ná til fyrirtækja sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni. Stjórnvöld og samningsaðilar geta ákveðið að láta hana taka til fyrirtækja með 20 starfsmenn eða fleiri. Efni þingsályktunartillögunar á eingöngu við opinber fyrirtæki og virðist taka til allra slíkra fyrirtækja óháð stærð.

Í samræmi við framangreint hefur verið unnið að því á vettvangi félagsmálaráðuneytisins að hrinda efni tilskipunar 2002/14/EB í framkvæmd hér á landi. Samkvæmt tilskipuninni er heimilt innleiða efni hennar með kjarasamningi samtaka atvinnurekenda og launafólks. Í samræmi við verklagsreglur ráðuneytisins varðandi mál af þessu tagi og vilja heildarsamtaka á vinnumarkaði er það í þeirra höndum innleiða efni tilskipunarinnar og er nú látið á það reyna hvort samkomulag takist. Félagsmálaráðherra gaf heildarsamtökunum fyrst frest til loka mars 2004 til að ná samkomulagi. Að ósk Samtaka atvinnulífsins hefur sá frestur verið framlengdur til loka júní nk. Takist samkomulag ekki mun félagsmálaráðherra taka málið í sínar hendur og leggja fyrir Alþingi í haust frumvarp sem felur í sér að efni tilskipunarinnar verður leitt í lög á Íslandi. Samkvæmt tilskipuninni skal það hafa verið gert fyrir 23. mars 2005.

Í ljósi framangreinds telur ráðuneytið framangreinda þingsályktun ekki tímabæra. Heildarsamtök á vinnumarkaði eru að freista þess að ná samkomulagi um hliðstætt málefni og þingsálykunartillagan fjallar um. Ráðuneytið telur rétt að fá fyrst niðurstöðu í þær samningaviðræður áður en kemur til frekari afskipta stjórnvalda af málinu.

F. h. r.

  
Hermann Sæmundsson /   
Gylfi Kristinnsson



Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/1527  
komudagur 24. 3. 2004  
Erindi nr. Þ

# Jafnréttisstofa


Akureyri 23.03.04


Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 1. mars 2004 óskaði félagsmálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 271. mál.

Að mati Jafnréttisstofu er ekkert í umræddri þingsályktunartillögu sem er andstætt markmiðum laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Virðingarfyllst.

  
Margrét Marja Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri

  
Kristján Jósteinnsson,  
sérfræðingur



Félagsmálanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 15. mars 2004

**Efni: Þingsályktunartillaga um atvinnulýðræði, 271. mál, þskj. 306.**

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar þingsályktunartillaga um atvinnulýðræði. Frumvarp um þátttöku starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja var lagt fram á 126. löggjafarþingi, 122. mál, og skiluðu samtökin umsögn um það þann 20. nóvember árið 2000. Er vísað til þeirrar umsagnar varðandi þann þátt þingsályktunartillögu þessarar sem varðar þátttöku starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja.

Við þá umsögn er því að bæta að samtökin kannast ekki við það nú fremur en árið 2000 að hugmyndir í þessa veru hafi verið settar fram á vinnumarkaði né heldur að kröfur um ihlutun í stjórn fyrirtækja hafi verið settar fram af hálfu stéttarfélaga í kjaraviðræðum. Samtökin telja því ekki efni til þingsályktunar í þá veru.

Í greinargerð með frumvarpinu er atvinnulýðræði skipt í nokkur stig þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið felur í sér að ráðandi hópar, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taka sameiginlega ákvarðanir um stjórnun fyrirtækisins.

Varðandi fyrsta og annað stig atvinnulýðræðis, eins og það er skilgreint hér að framan, ber að hafa í huga að á næstu misserum standa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins frammi fyrir því verkefni að innleiða í íslenskan rétt tilskipun ESB 2002/14/EB frá 11. mars 2002 „um almennan ramma við upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá í Evrópusambandinu“. Þingsályktunartillaga þessi virðist ekki taka mið af þessari staðreynd.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið leggjast Samtök atvinnulífsins gegn samþykkt tillögunnar.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri


10. mars 2004

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um till. til þál. um atvinnulýðræði (271. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 1. mars þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreinda tillögu. SBV styðja þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Samtaka atvinnulífsins um málið.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri